

Fundargerð stjórnarfundar

Staður: Grenimelur 44

Tími: 19 nóvember 2009, kl. 20.00 – 22.00

Viðstaddir:

Hannes Siggason (HS) formaður

Frá Heiðarbraut: Sigrún María Kristinsdóttir (SMK)

Frá Keldudal: Guðrún S. Ólafsdóttir (GSÓ)

Frá Hólsbraut: Kjartan Kárason (KK)

Frá Króki: Hjalti Elíasson (HE);

Frá Hlíðarbraut: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)

Forföll:

Frá Gilbraut: Sveinn Baldursson

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

1) Fundargerð síðasta stjórnarfundar borin upp til samþykktar

(Umsj. HE í fjarveru SB)

2) Fjárhagsstaða félagsins (Umsj. KK)

3) Fréttir af stjórnarstörfum SR (Umsj. HE)

4) Verkefnalisti Áherslumál stjórnar 2009-2010 Sjá fylgiskjal með fundarboði.

(Umsj. yfirferðar HS en allir stjórnarmeðlimir eiga verkefni á listanum)

5) Nýjir leigusamningar við SR. Farið yfir það sem gerst hefur frá síðasta stjórnarfundum

(Umsj. HS)

6) Önnur mál (Allir)

1. Fundargerð síðasta samþykkt af fundarmönnum.
2. Fjárhagsstaða félagsins. Fjárhagur í góðu jafnvægi. H.E. afhendir gjaldkera nótur fyrir útlögðum kostnaði. Gjaldkeri hefur greitt Auði Ottesen fyrir fyrirlestur.(20 þús.)
H.S. áréttar við gjaldkera að greitt sé sem fyrst fyrir útlögðum kostnaði.
3. Stjórnarfundir S.R. Ekki hefur verið stjórnarfundur hjá S.R. frá síðasta fundi okkar.
Kynningarfundur hjá Reykjavíkurborg, þar sem skipulag Hólmsheiðar var kynnt.
- 4. Verkefnalisti.**
 1. Vegagerð. Formanni hefur borist bréf frá Sveini sveitarstjóra í Vík. Þar kemur hann fram með tillögur að aðgerðum vegna ágangs Klifanda. Hann sendi S.R., Vegagerð, Landgræðslu og einum þingmanni sunnlendinga.
H.E mun grennslast fyrir um málið.
 2. K.K. hefur fengið lista frá brautarstjórum um helstu atriði sem betur mega fara á sínum svæðum. K.K. hefur gert frumdrög að bréfi til S.R. Hann mun senda stjórnarmönnum uppkast fyrir 10 des. og stefnt er að því að endanlegt bréf verði tilbúið fyrir stjórnarfund 21. Janúar 2010.
 3. Sorpgámar. Málið leyst.
 4. Rafmagn. G.Ó hefur haft samband við Lárus Einarsson hjá Rarík á Hvolsvelli. Von á svörum frá Rarík innan tíðar.
 5. Stefnumótun. Verkefni stjórnar varðandi áherslupunkta til S.R partur af stefnumótun félagsins.

6. Landgræðsluverkefni: H.S. vinnur að lokaskýrslu fyrir Landgræðsluskógaverkefnið 2009. Gróðursetningadagur ákveðinn 19. júní 2010.
7. Fræðslumál. Stjórn ánægð með fræðslufund félagsins og hafa aðeins heyrst ánægjuraddir frá félagsmönnum. Mjög fræðandi og skemmtileg fræðsla hjá Auði Ottesen. Mættu 18 manns á fundinn.
8. Leigumál. Staða sú sama , Þröstur nær ekki sambandi við önnur kafinn ráðherra.
9. Heimasíða: E.R.S. hefur sett inn efni og myndir um færð á Fellsmörk. Sögulegar upplýsingar í máli og myndum frá Kristni Helgasyni og E.R.S. væntanlegar á heimasíðu Fellsmerkurfélagsins.

5.Leigumál. Staða sú sama , Þröstur nær ekki sambandi við önnur kafinn ráðherra.

6. Önnur mál: Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið um 22.00.

Fundargerðina ritaði Hjalti Elíasson í fjarveru ritara.

Dreifing: Stjórn félagsins ; Heimasíða félagsins

Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkið: